

Ed.

827. Nefndarálit

[272. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 45 16. apríl 1971, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnáam, ræktun og byggingar í sveitum, sbr. lög nr. 68 30. apríl 1973, um breyting á þeim lögum.

Frá minni hl. landbúnaðarnefndar.

Þetta frv. felur í sér að setja skal á svonefnt jöfnunargjald, er nemi einu prósentu og skal því varið til þess að bæta upp mjög lélega afkomu Stofnlánadeildar landbúnaðarins. Viðurkennt er í athugasemdum við lagafrv. þetta, að Stofnlánadeildin hefur verið rekin með stórfelldum halla um nokkurt skeið. Augljóst er að jafnþýðingarmikill fjárfestingarsjóður getur ekki haldið lengi áfram án þess að tryggja eðlilega eiginfjármyndun.

Skiptar skoðanir eru um hvernig þetta skuli gert. Undanfarin ár hafa hinir ýmsu fjárfestingarsjóðir landsmanna vegna verðbólguáhrifa hækkað útlánsvexti og komið á vísitöluákvæðum, sem tryggja verðgildi útlána meira en verið hefur. Stofnlánadeild landbúnaðarins hefur farið varlegar í þessu efni en aðrir stofnlánasjóðir, og svo virðist sem stjórnendur Stofnlánadeildarinnar treysti sér ekki að fylgja hliðstæðum reglum um lánaþjór og vísitöluákvæði og nú er orðið hjá hliðstæðum fjárfestingarsjóðum.

Margsinnis hefur það komið fram af hálfu talsmanna Seðlabanka Íslands og annarra, er með fjárfestingarmál fara, að nauðsyn er á að samræmi sé milli útlána og vísitöluákvæða fjárfestingarsjóðanna og þar sitji atvinnugreinarnar við sama borð.

Stuðningsmenn þessa frv. eru sýnilega á annarri skoðun og telja stöðu landbúnaðarins svo sérstæða, að um lánaþjór hjá Stofnlánadeildinni skuli gilda verulega önnur ákvæði en hjá öðrum stofnlánasjóðum. Þess vegna er þetta frv. flutt til þess að tryggja með jöfnunargjaldi, er komi inn í vöruverð, betri afkomu Stofnlánadeildarinnar þar sem lánaþjór eru svo óraunhæfar að þær tryggja ekki í raun eigið fjármagn deildarinnar. Niðurstaðan af þessu verður því sú, að almenningur er látinn borga í gegnum þetta 1% jöfnunargjald alrangrar fjárfestingarstefnu í landbúnaðinum. Það er kunnugt, að aðstæða bænda er afar misjöfn, og það hefur ekki farið leynt, sbr. fjölmarga fundi og langa sem bændur hafa sjálfir staðið fyrir á undanfórnum mánuðum og rætt hin margvíslegu vandamál sín.

Þótt þetta gjald eigi að vera tímabundið, þá felur það í sér mjög takmarkaða lausn á vandamálum bændastéttarinnar, en ýfir upp andstöðu margra gagnvart ríkjandi stefnu í fjárfestingarmálum í landbúnaði. Mikilvægast, þegar til lengdar lætur, bæði fyrir bændastéttina og neytendur, væri að vandamál bænda væru tekin á miklu breiðari grundvelli og stefna mörkuð er tryggði bændum sem jafnasta og öruggasta afkomu og jafnaði út hinn gifurlega mismun á milli þeirra innbyrðis.

Þar sem þetta frv. leysir aðeins örlítinn anga af miklu vandamáli telur undirritaður það ótímabært við ríkjandi aðstæður og getur ekki fallist á samþykkt þess.

Alþingi, 2. maí 1978.

Jón Árm. Héðinsson.